



Samtök iðnaðarins



SAMTÖK  
ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. mars 2007

**Efni: Nefndarálit samgöngunefndar um frv. til laga um breytingar á hafnalögum**

Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins hefur borist nefndarálit samgöngu-nefndar til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 (þskj. 997-998 – 366. mál). Þar kemur m.a. fram að nefndin leggur til að bætt verði við frumvarpið nýrri grein þar sem mælt er fyrir um heimild hafnarbótasjóðs til að bæta tjón á upptökumannvirkjum með sama hætti og gildi um önnur hafnarmannvirki. Í tillögu nefndarinnar er ítrekað að þetta gildi einvörðungu um slík mannvirki í eigu opinberra aðila eða sveitarfélaga og þá því aðeins að þau hafi áður verið byggð með ríkisstyrk. Þó er tekið fram að bætur geti einungis tekið mið af endurbyggingarverði þess mannvirkis sem fyrir hendi var áður en til tjóns kom og að það verði ekki afkastameira eftir endurnýjun.

Samtökin vilja vinsamlega benda nefndinni á að samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) nr. 51/97/COL frá 19. mars 1997 ber að tilkynna fyrirfram til ESA hvers kyns áform um ríkisaðstoð við upptökumannvirki fyrir skip á grundvelli hafnalaga og er ekki leyfilegt að hrinda þeim í framkvæmd með því að veita heimild til greiðslu ríkisstyrks fyrr en stofnunin hefur samþykkt þau. Þessi skilningur var staðfestur af íslenskum stjórnvöldum sbr. ákvörðun ESA nr. 122/99/COL frá 9. júní 1999 og bréf fjármálaráðuneytis og samgönguráðuneytis til ESA frá 9. febrúar 1999.

Með hliðsjón af þessu vekja samtökin athygli nefndarinnar á því að þeir sem eiga hagsmuna að gæta geta augljóslega krafist þess að stjórnvöld virði umrætt skilyrði og að ríkisaðstoð verði ekki heimiluð sem fari í bága við ríkisstyrkjaákvæði EES-samningsins. Samtökin telja að ekki sé nægjanlegt að skjóta inn skilyrði um að afkastageta þeirra upptökumannvirkja sem styrkt eru á ný vegna tjóns aukist ekki. Samkvæmt frumvarpinu mun aðstoðin aðeins standa til boða opinberum aðilum og verður ekki veitt einkaaðilum. Verði það samþykkt munu lögin því augljóslega raska samkeppni á markaði skipaiðnaðarfyrirtækja umfram það sem væri ef öllum markaðsaðilum stæði hún til boða. Þessi hlið málsins er einnig dregin fram í fyrrnefndri ákvörðun ESA frá árinu 1997. Af þessu leiðir að ekkert bendir til að ESA geti fallist á þá ríkisstyrki sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Sú staðreynd að með umræddri breytingartillögu er aðilum á innlendum markaði mismunað þýðir auk þess að hún er andstæð markmiði samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 1. grein, og felur í sér alvarlega samkeppniströskun, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. og 18. gr. laganna. Er það því sjálfsgöð krafa að þingnefndin leiti álit samkeppnisyfivalda á umræddu ákvæði áður en það yrði leitt í lög.

Samtök iðnaðarins

Ingólfur Sverrisson

Samtök atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson